
Pórustaðanáma, efnistaka úr Ingólfsfjalli í landi Kjarrs, 2. áfangi

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 28. ágúst 2019 barst Skipulagsstofnun tillaga Fossvéla ehf. að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar efnistöku í Þórstaðanámu í Ingólfsfjalli í landi Kjarrs, Sveitarfélaginu Ölfuss skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.01 og 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Sveitarfélagsins Árborgar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Þórstaðanáma, efnistaka úr Ingólfsfjalli í landi Kjarrs, 2. áfangi. Tillaga að matsáætlun. Fossvélar ehf. og Efla verkfræðistofa, ágúst 2019.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi með tölvupósti þann 18. október 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvupósti þann 16. september 2019.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti þann 17. september 2019.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti þann 16. september 2019.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. september 2019.

Umsögn barst ekki frá Sveitarfélaginu Árborg.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupóstum 30. september og 21. nóvember 2019.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Framkvæmd

Fram kemur í tillögu framkvæmdaraðila að Þórstaðanáma hafi verið starfrækt síðan 1957. Fyrirhugað sé að stækka efnistökusvæði um 11,3 ha og verður heildarstærð svæðis þá 34 ha. Gert er ráð fyrir að tekið verði um 27,5 milljónir m³ af efni úr námunni eftir stækkun en gildandi leyfi heimila efnistöku á allt að 2 milljónir m³ af efni. Fram fór mat á umhverfisáhrifum vegna núverandi efnistöku og lauk því árið 2006.

Vatnsvernd og vatnsöflun

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að stækkun á efnistökusvæðinu nái inn á fjarsvæði vatnsverndar og því talin ástæða til að fjalla um möguleg áhrif á neysluvatn en byggja á sömu gögnum og í fyrra mati þar sem ekki sé kunnugt um að nýjar upplýsingar hafi komið fram sem kalli



á nýjar rannsóknir. Í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir vöktun Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá árinu 2011.

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss er lögð áhersla á að fjallað verði um vatnsvernd og vatnsöflun í mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir að það verði gert.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er vísað til minnisblaðs ÍSOR í fyrri matsskýrslu og umsagnar heilbrigðiseftirlitsins er byggð á því, en í henni kemur fram að upplýsingar séu takmarkaðar um grunnvatn og hugsanleg áhrif á vatnbólin. Ekki sé hægt að fullyrða án ítarlegri rannsóknna að efnistaka í nágrenni vatnsbólanna hafi ekki áhrif á neysluvatnstök. Setja þarf fram öryggisáætlun varðandi neysluvatn, svo sem verklagsreglur við efnistöku. Ekki megi leika vafi á því að öryggi neysluvatns sé tryggt svo sem kostur er.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fer fram á að tillagan geri nægjanlega grein fyrir mótvægisáðgerðum framkvæmdaraðila um atriði er varða vatnsvernd í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð um varnir gegn mengun vatns, reglugerð um neysluvatn og lög um stjórn vatnamála. Embættið telur að jafn veigamikilið atriði og öryggi og gæði neysluvatns eigi að vega þungt í matsskýrslu framkvæmdaraðila.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um möguleg áhrif á neysluvatn og mótvægisáðgerðir ásamt því að fjallað verði um fyrri rannsóknir og niðurstöður neysluvatnsvöktunar síðustu ára.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á hvernig tryggt verði að neysluvatn sem aflað sé úr vatnsbólum á hugsanlegu áhrifsvæði efnistökkunnar spillist ekki og mótvægisáðgerðum er varða vatnsvernd í samræmi við lög og reglugerðir sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vísar til. Gera þarf sérstaka grein fyrir verklagsreglum við efnistöku sem miða að verndun grunnvatns. Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi samráðs við viðkomandi yfirvöld um hvernig staðið verði að vatnsvernd og gerð grein fyrir því í frummatsskýrslu.

Ásýnd

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um frá hvaða svæðum, stöðum og leiðum efnistakan muni sjást og hvert útlit efnistökusvæðisins verði frá ákveðnum sjónarhornum. Lagt verði mat á einkenni landslags á svæðinu, gildi þess og viðkvæmni og hvaða áhrif framkvæmdin muni hafa á þá þætti.

Litið verði til fyrirliggjandi gagna um náttúruafar, jarðmyndanir, landnýtingu, verndargildi og kortagagna um landform og stuðst við ljósmyndir og líkanmyndir (tölvugerðar myndir) til að lýsa þeirri breytingu sem verði á svæðinu. Við val á sjónarhornum líkanmynda verði leitast eftir því að sýna einkennandi útsýni frá fjölförnum stöðum, íbúðabyggð og stöðum sem þykja markverðir vegna útivistar eða útsýnis.

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss er lögð áhersla á að ásýnd námunnar verði vel lýst.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að Þórstaðanáma sé þegar orðin mjög áberandi í Ingólfsfjalli og frekari efnistaka með þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru muni auka á þau áhrif. Til að sporna við þessu telur stofnunin að leggja eigi megin áherslu á að móta landið til að milda sjónræn áhrif og aðlaga námusvæðið þannig að óraskaðir hlutar fjallsins fái að halda sér eða jaðrar námunnar mótaðir þannig að þeir falli að næsta nágrenni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að sýnt verði myndrænt hvernig náman geti litið út að efnistöku lokinni.



Skiplagsstofnun bendir á að efnistaka hefur átt sér stað á svæðinu í rúm 60 ár og áætlað er að sú efnistaka sem nú er fyrirhuguð standi í um 30 ár. Það mun því langur tími líða þangað til efnistöku er lokið. Með það í huga telur Skiplagsstofnun rétt að fjallað sé um og lagt mat á ásýnd svæðisins á mismunandi tímabilum.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á ásýnd svæðisins á mismunandi efnistökutímabilum og sýna myndrænt hvernig þróun námunnar með tilliti til ásýndar geti orðið.

Valkostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um möguleika á mismunandi afmörkun, vinnslutíma, vinnslutilhögun og áfangaskiptingu m.t.t. þess magns sem ætlunin er að vinna úr námunni.

Aðalvalkostur framkvæmdaraðila felst í efnistöku á um 40 ha landsvæði umhverfis Þórstaðanámu í Ingólfsfjalli, þar sem fyrirhugað er að taka um 27,5 milljónir m³ af malarefni á núverandi og nýju efnistökusvæði.

Skiplagsstofnun bendir á að í álit Skiplagsstofnunar frá 2006, vegna núverandi efnistöku, kom fram að stofnunin taldi að sú efnistaka sem kynnt var þá í matsskýrslu væri ekki ásættanleg vegna verulegra neikvæðra, varanlegra og óafturkræfra sjónrænna áhrifa og áhrifa á landslag sem hún myndi óhjákvæmilega hafa í för með sér. Núverandi leyfi og sú framkvæmd sem Skiplagsstofnun fjallaði um árið 2006 fól í sér efnistöku á 2 milljón m³. Þau áform sem nú eru uppi fela í sér tæplega fjórtánföldun á því magni. Með hliðsjón af framangreindu og að um er að ræða Ingólfsfjall sem er kennileiti við Þjóðveg 1 ásamt því að vera móbergsmýndun sem er sjaldgæf á heimsvísu telur Skiplagsstofnun mikilvægt að skoðaðir verði og metnir valkostir sem fela í sér minni efnistöku og að tilhögun þeirra miði að því að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Auk þess telur Skiplagsstofnun mikilvægt að framkvæmdaraðili fjalli um möguleika á mismunandi afmörkun, vinnslutíma, vinnslutilhögun og áfangaskiptingu líkt og fram kemur í tillögu að matsáætlun.

Í frummatsskýrslu þarf að skoða og meta áhrif valkostar sem felur í sér minni efnistöku en aðalvalkostur framkvæmdaraðila.

Aðrir umhverfisþættir sem ekki verður lagt frekar mat á

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði ekki fjallað um eftirtalda umhverfisþætti umfram það sem fram kemur í tillögu að matsáætlun:

Jarðfræði og jarðmyndanir, fugla, gróður, hljóðvist, fornleifar, ferðamennsku, samfélag og umferð.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að í kafla 4.5 í matsáætluninni eru tilgreindir umhverfisþættir sem ekki sé ástæða til að fjalla nánar um í frummatsskýrslu. Stofnunin telur að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um þessa umhverfisþætti og færa rök fyrir því hvers vegna ekki sé talin ástæða til að afla nýrra gagna.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að fjallað verði um framangreinda umhverfisþætti og rökstutt af hverju umræddir umhverfisþættir fái ekki fulla umfjöllun. Líkt og segir í umsögn Náttúrufræðistofnunar sé líklegt að áhrif á umrædda umhverfisþætti verði óveruleg og fjallað var um hluta þeirra í fyrra umhverfismati og það sé mat framkvæmdaraðila að ekki sé þörf á sérstöku mati fyrir umrædda umhverfisþætti.

Skiplagsstofnun bendir á að efnistakan er úr móbergsmýndun sem stjórnvöld hafa markað stefnu um að forgangsmál sé að vernda, þar sem slíkar myndanir eru sjaldgæfar og óvenjulegar á heimsvísu, sbr. stefnumörkun um *Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*. Með hliðsjón af því og umfangi fyrirhugaðar efnistöku telur Skiplagsstofnun rétt að áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir séu metin.



Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir. Fjalla þarf um aðra umhverfispætti í kafla 4.5 og færa fyrir því rök hvers vegna frekara mats á þeim sé ekki þörf.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Fossvéla ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á hvernig tryggt verði að neysluvatn sem aflað sé úr vatnsbólum á hugsanlegu áhrifasvæði efnistökkunar spillist ekki og mótvægisáðgerðum er varða vatnsvernd í samræmi við lög og reglugerðir sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vísar til. Gera þarf sérstaka grein fyrir verklagsreglum við efnistökkuna sem miða að verndun grunnvatns. Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi samráðs við viðkomandi yfirvöld um hvernig staðið verði að vatnsvernd og gerð grein fyrir því í frummatsskýrslu.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á ásýnd svæðisins á mismunandi efnistöktímabilum og sýna myndrænt hvernig þróun námunnar með tilliti til ásýndar geti orðið.
3. Í frummatsskýrslu þarf að skoða og meta áhrif valkostar sem felur í sér minni efnistöku en aðalvalkostur framkvæmdaraðila.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir. Fjalla þarf um aðra umhverfispætti í kafla 4.5 og færa fyrir því rök hvers vegna frekara mats á þeim sé ekki þörf.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og er kærufrestur til 6. janúar 2020.

Reykjavík, 4. desember 2019.

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson